

76. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, **7. júní, 2021 kl. 11:00-12:27** á zoom.

Dagskrá:

1. Háskólaráð boðið velkomið til starfa.
2. Jafnlaunastefna Háskólans á Hólum.
3. Gjaldskrá Háskólans á Hólum.
4. Rekstrarniðurstaða janúar til apríl 2021.
5. Gestafræðimenn við háskólann. Katharina Bremer.
6. Önnur mál.

Dagskrá fundar var samþykkt.

Fundinn sátu: Erla Björk Örnólfsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, Laufey Kristín Skúladóttir og Sigríður Sigurðardóttir. Sveinn Margeirsson boðaði forföll við upphaf fundar og Gunnlaugur Bjarnason var fjarverandi.

1. Rektor bauð nýtt háskólaráð velkomið til starfa.
2. Rektor kynnti jafnlaunastefnu fyrir Háskólann á Hólum sem Framkvæmdaráð vann undir handleiðslu Ráðgjafafyrirtækisins Ráðs. Markmið jafnlaunastefnu er að starfsfólk Háskólans á Hólum fái jöfn laun óháð kyni. Bent var á að útskýra mætti orðalagið verðmæt störf. Samþykkt var að sú setning yrði: Allir starfsmenn skulu fá greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt störf *samkvæmt stigamati ÍST 85:2012*. Háskólaráð samþykkti framkomna stefnu með þeirri orðalgsbreytingu.
3. Rektor óskaði eftir umræðu um gjaldskrá skólans, s.s. hvort lækka ætti innritunargjald vegna örorku. Ákveðið var að skólagjöldin verði þinglesin með þeim ákvæðum að einstaklingar með 75% örorkumat geti sótt um 50% afslátt á innritunargjaldi. Þá var orðalag í lið c breytt lítillega. Gjaldskrá skólans var að öðru leyti samþykkt.
4. Rekstrarniðurstaða janúar til apríl 2021 er 1,4 millj.kr. undir áætlun. Mismunur tekja og gjalda er 290.687 kr.
5. Fiskeldis- og fiskalífræðideild hefur tilnefnt Katharinu Bremer sem gestafræðimann við deildina. Hún hefur verið metin hæf sem lektor. Katharina býr á Hólum og hefur verið í tímavinnu við deildina sem tæknimaður. Sérsmningar eru gerðir við gestafræðimenn. Háskólaráð samþykkti hana.
6. Önnur mál. Tími gafst ekki til að ræða önnur mál og fundi var slitið.